



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Fundargerð gróðurskoðunarnefndar 10.06.2015

Miðvikudaginn 10. júní fóru undirrituð, Böðvar Pétursson, Egill Freysteinnsson, Sigurdís Sveinbjörnsdóttir og María Svanþrúður Jónsdóttir í gróðurskoðunarferð um Austurfjöll eins og ákveðið var á fundi 1. júní sl.

Framan af ferð var logn, skýjað og hiti um 4-5°C, en þegar leið á morguninn fór að rigna.

Í ferðinni var farið suður fyrir Hrossaborgina, suður á Glæður, mólendið skoðað á hefðbundnum stöðum og einnig var farið suður austan við Námafjall og niður hjá Lúdent til að fá betri yfirsýn yfir ástand gróðurs.

Gróðurframvinda hefur lítið breyst frá fyrri skoðunarferð, melgresið hefur vaxið og þétt sig, sandtaðan heldur tekið við sér, sérstaklega þar sem síðast var borið á. Mesta gróðurbreytingin er í Mellöndunum. Mólendið hefur breyst lítið, víðurinn er ekki sprunginn út, en hefur tekið við sér síðustu daga.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að fimmtudaginn 11. júní megi fara með 15% af fénu í Mellöndin og mælst til þess að flytja það sem syðst í stykkinn. Fimmtudaginn 18. júní mun staðan verða endurmetin og framhald sleppinga ákveðið.

Böðvar Pétursson
Egill Freysteinnsson
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
María Svanþrúður Jónsdóttir